

**Starfsskýrsla um árið 2010**  
lögð fram á ársfundi 3. maí 2011  
(drög)

**Stjórn og starfsmenn**

Ársfundur Sagnfræðistofnunar 2010 var haldinn 4. febrúar. Már Jónsson lét þá af störfum forstöðumanns og var honum þökkúð vel unnin störf í þágu stofnunarinnar. Valur Ingimundarson tók við sem forstöðumaður. Í stjórn voru kosin Valur Ingimundarson og Anna Agnarsdóttir fyrir hönd kennara til tveggja ára og Ólafur Arnar Sveinsson sem fulltrúi nemenda. Stjórnin hélt nokkra formlega og óformlega fundi á árinu. Forstöðumaður er jafnframt fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar. Í september 2010 staðfesti stjórn Hugvísindastofnunar reglur Sagnfræðistofnunar með óverulegum breytingum (til samræmis við reglur annarra grunnstofnana), en þær höfðu verið samþykktar á ársfundinum 4. febrúar.

**Fjárhagur**

Yfirlit yfir fjárhag ársins 2010 er lagt fram á fundinum ásamt ársskýrslu. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar. Bein fjárveiting frá Hugvísindastofnun var kr. 500 þúsund kr. Auk þess fékk stofnunin tæplega 2.2 milljónir í mótframög og 1.300 þús. kr. (eingreiðsla) vegna samnings við *Scandinavian Journal of History*. Stofnunin stendur nokkuð vel fjárhagslega, en skuldir vegna bókaútgáfu eru miklar. Stjórn ákvað að gera ráðstafanir til að ná niður hallanum á útgáfustarfsemi (sem var 3.259.196 kr. í árslok 2010) með því að greiða niður skuldir að upphæð 1.300.000. Haldið verður áfram að ná niður hallarekstri vegna útgáfu á vegum stofnunarinnar á árinu 2011. Fjárhagstaða Sagnfræðistofnunar í árslok 2010 var kr. rúmlega 3.600.000 milljónir í plús, en gera verður ráð talsverðum kostnaði vegna útgjaldaliða

eins og útgáfu bóka á árinu 2011, minningafyrirlesturs Jóns Sigurðssonar og taps á bókaútgáfu fyrri ára.

### **Föst verkefni**

Vefsíðan *Söguslóðir* var sem fyrr í umsjá Guðmundar Jónssonar prófessors. Heiðar Lind Hansson, MA-nemi í sagnfræði, og síðar Sigurður Ágústsson, MA-nemi í sagnfræði, voru ráðnir til að sinna ákveðnum verkefnum fyrir Sagnfræðistofnun, eins og að sjá um bókakost stofnunarinnar og uppfærslu *Söguslóða*. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar og formaður stjórnar Miðstöðvar munnlegrar sögu. Á árinu var Már Jónsson endurskipaður í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns fyrir hönd Sagnfræðistofnunar og fer hann þar með formennsku. Vinna við sögu íslenskrar utanlandsverslunar er á lokastigi og rit um meginniðurstöður Reykholtswerkefnis er í undirbúningi, sem Helgi Þorláksson ritstýrir með öðrum.

### **Bókaútgáfa**

Engin bók kom út í ritröðinni Ritsafni Sagnfræðistofnunar, sem Guðmundur Jónsson ritstýrir eða í ritröðinni Sagnfræðirannsóknunum, sem Helgi Þorláksson ritstýrir. Hins vegar var unnið talsvert að útgáfumálum á vegum stofnunarinnar á árinu og má gera ráð fyrir því að tvær bækur komi út árið 2011.

### **Ráðstefnur og fyrirlestrar**

Í tilefni 200 afmælis Jón Sigurðssonar árið 2011 var forstöðumanni var falið að kanna möguleika á því að fá tvo sagnfræðinga, Lindu Colley, prófessor við Princeton-háskóla, og David Cannadine, Whitney J. Oates Senior Research Scholar við Princeton-háskóla og prófessor við University of London, til að halda minningafyrirlestrana í tengslum við málþing 27. maí 2011 á vegum Háskóla Íslands, Sagnfræðistofnunar og Afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar í tilefni 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar. Þar sem um tvo fyrirlesara var að ræða var ákveðið að hætta við að halda sérstakan minningafyrirlestur árið 2010. Þau Colley og Cannadine þáðu boðið, en urðu síðan að fresta komu sinni um eitt ár eða til ársins 2012. Geoff Eley, prófessor í sagnfræði og forstöðumaður sagnfræðideildar Michigan-háskóla, mun hins vegar taka að sér að halda minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar árið 2011. Þáttakendur í Reykholtswerkefninu héldu vinnufund 22. og 23. október 2010 með þátttöku innlendra og erlendra höfunda í væntanlegu lokariti verkefnisins. Hugvísindastofnun veitti styrk til fundarins. Loks var unnið að því að skipuleggja norræna ráðstefnu um kaldastríðsmenningu sem haldin verður við Háskóla Íslands haustið 2011. Ráðstefnan er hluti af norrænu netverki

og rannsóknaverkefni sem ber heitið the Nordic and North/Central European Network of Cold War Researchers (NORCENCOWAR), en það er fjármagnað með styrk frá norræna vísindasjóðnum Nordforsk. Um 18 þátttakendur munu taka þátt í ráðstefnunni sem haldin verður á vegum Sagnfræðistofnunar, en fjármögnuð af NORCENCOWAR með mótframlagi frá Hugvísindastofnun.

### **Bókagjöf**

Ættingjar Benedikts Gröndals, fyrrv. ráðherra, leituðu til Sagnfræðistofnunar vegna hugsanlegrar bókagjafar úr safni hans, en hún var í samræmi við óskir hans í erfðaskrá. Hér er um að ræða mörg innlend og erlend grundvallarrit á sviði stjórnmála, sagnfræði 20. aldar og kalda stríðsins. Stjórn Sagnfræðistofnunar taldi að fengur væri að þessum bókum og veitti þeim viðtöku í apríl 2011.

### **Rannsóknir**

Helsta starfsemi Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Frá rannsóknum einstaklinga er aðeins sagt lauslega, enda gerð nákvæm grein fyrir þeim í *Ritaskrá Háskóla Íslands*:

Anna Agnarsdóttir ritstýrði ásamt séra Þóri Stephensen útgáfu *Ferðadagbóka Magnúsar Stephensen 1807-1808* (Sögufélag, 2010) auk þess að skrifa fræðilegan inngang. Hún birti tvær greinar í ritum á vegum Cliohres: „Citizenship in the French Revolution“, ritstj. Katharine Ann Isaacs, *Citizenship and Identities in European History* (Pisa, 2010) og „In search of ‘a distinct and peculiar race of people’: The Mackenzie Expedition to Iceland 1810“, *Global Encounters and European Identities* (Pisa, 2010). Jafnframt tók hún þátt í að ritstýra síðarnefndu bókinni ásamt Mary N. Harris og Csaba Levai. Anna hélt nokkra fyrirlestra bæði innanlands og utan. Hún var í rannsóknarleyfi á haustmisseri og dvaldi í London við lokafrágang á ritinu *The Letters and Journals of Sir Joseph Banks : Iceland and the North Atlantic 1772-1820* (the Hakluyt Society, London). Henni var boðið að taka þátt í nýju alþjóðlegu verkefni, *The Hakluyt Editorial Project*, 14 binda útgáfa á riti Richard's Hakluyt, *The Principal Navigations, Voyages, Traffiques and Discoveries of the English Nation...* gefið út í London 1598. Hún mun ritstýra 4. bindi ásamt Micheal Brennan, prófessor við háskólann í Leeds, en Oxford University Press gefur bókina út.

Eggert Þór Bernharðsson hélt einkum áfram með rannsóknarverkefnið „Sagan til fólksins. Margmiðlun og sagnfræði“. Þar eru kannaðir margvíslegir kostir á

miðlun sögulegs efnis og mismunandi framsetningu eftir miðlum og fjallað um samspil ólíkra miðla.

Gavin Lucas has been collaborating with an international group of scholars exploring modern ruins, as part of the Ruin Memories Group ([www.ruinmemories.org](http://www.ruinmemories.org)), based and funded out of Norway, the first year of a 3 year project. He has been focusing on two sites, Heimaey on the Westmann Isles and the Fishing village on Viðey. He has also been continuing on post-excavation analysis of Skálholt in preparation for publication.

Guðmundur Hálfðanarson vinnur að ritun sögu Háskóla Íslands sem kemur út á aldarafmæli skólans árið 2011. Tók hann þátt í ráðstefnu í Berlín í tengslum við það verkefni. Öndvegisnetið CLIOHRES, sem Guðmundur hefur staðið að ásamt Ann-Katherine Isaacs prófessor í Písa, lauk störfum á árinu. Eftir hann birtist grein í bók um notkun miðalda í mótun þjóðernisvitundar í Evrópu á 19. og 20. öld sem kom út á vegum Palgrave/Macmillan útgáfunnar. Að síðustu er hann aðalritstjóri tímaritsins *Scandinavian Journal of History* sem kemur út hjá Routledge-forlaginu á Bretland.

Guðmundur Jónsson vann áfram að uppbyggingu Miðstöðvar munnlegrar sögu og þeim verkefnum sem þar er sinnt. Rannsóknir hans snerust að talsverðu leyti um bankahrunið á Íslandi 2008 í sögulegu og evrópsku samhengi og flutti hann erindi og skrifaði greinar um það. Í rannsóknaleyfi við Humboldt-háskólann í Berlín á haustmisseri kannaði Guðmundur verslunarsögu og flutti erindi m.a. um áhrif EES-aðildar á utanríkisverslun. Af öðrum rannsóknarefnum má nefna smábýlastefnuna í landbúnaði, samanburð á íslenskum og norskum sjávarútvegi 1930-1940 og aðild Íslands að EFTA.

Helgi Þorláksson er í stjórn tveggja verkefna sem Sagnfræðistofnun stendur að, sem eru *Saga íslenskrar utanlandsverslunar frá landnámi til loka 20. aldar* og *Reykholtuverkefnið*. Lokaáfangar beggja verkefna eru á veg komnir. Helgi er með öðrum ritstjóri lokarits um Reykholtuverkefnið þar sem helstu niðurstöður verða dregnar saman. Hann stóð fyrir sérstökum fundi með höfundum lokaritsins, innlendum og erlendum, í Reykholti. Hann tók þátt í sérstöku verkefni um seljabúskap Reykholtstaðar sem telst lokið. Enn fremur í öðru sem nefnist *The realm of Norway and its dependencies as a political system 1270-1380 (Norgesveldet som politisk system)* og sótti fundi á vegum þess. Hann naut rannsóknarmisseries á haustmánuðum í Cambridge, Englandi, og sinnti sögu þess sem hann nefnir „tamið ofbeldi“. Þá birti Helgi fimm fræðilegar greinar á prenti og flutti átta fræðilega fyrirlestra, í Reykjavík, ma. á Hugvísindapíngi, á Skagaströnd, í Gunnarsholti, Visbý og Lundúnum.

Ingi Sigurðsson vann einkum að rannsóknum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 1814 fram til síðari heimsstyrjaldar og á upplýsingunni á Íslandi.

Kristjana Kristinsdóttir hélt áfram athugun á lénsmönnum og skjalasafni þeirra. Einnig hefur hún umsjón með nýju rannsóknarverkefni á vegum Þjóðskjalasafns þar sem embættisfærsla hvers embættis, allt frá 17. öld, verður skoðuð og lagt mat á þau skjöl sem eftir hvern embættismann liggja og munu margir koma að því verki. Fyrsta athuginin kom í netúgáfu 2010 á vef Þjóðskjalasafns og var það um skjalasafn Landfógeta.

Már Jónsson lauk við bók á ensku um Árna Magnússon og handritasöfnun hans, sem kemur út í ritröðinni *The Viking Collection* í Odense. Hann birti grein um Árna í ráðstefnuriti sem kom út í Amsterdam og einn ritdóm í *Sögu*. Hann hélt fyrirlestra í Zürich, Berlín og Visby á Gotlandi, auk Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði.

Orrí Vésteinsson hélt áfram rannsóknum sínum á landnámi og vann að ritun bókar um það efni. Hann stjórnaði úrvinnslu uppgraftar á Sveigakoti og gerði vettvangsrannsóknir í Mývatnssveit. Hann birti greinar um íslenska fornleifafraeði í ritgerðasöfnum og tímaritum, ritstýrði tveimur ritgerðasöfnum og hélt fyrirlestra á ráðstefnum í Noregi og Íslandi.

Ragnheiður Kristjánsdóttir lauk og gekk frá þremur köflum um sögu þingræðis á Íslandi, en þeir koma út á bók sumarið 2011. Hún stóð fyrir umræðu um 26. grein stjórnarskrárinnar í tímaritinu *Sögu*, þar sem hún lagði sjálf til eina grein. Hún hélt fyrirlestra um framangreint, en auk þess um sögu vinstri hreyfingarinnar á millistríðsárunum og styrjaldarárin á Íslandi. Þá hélt hún áfram undirbúningsvinnu vegna bókar sem hún ætlar að skrifa á ensku um sögu Íslands.

Steinunn Kristjánsdóttir hélt áfram vinnu við fornleifarannsóknina á miðaldaklaustrinu að Skriðu í Fljótsdal og birti greinar um hana í *Medieval Archaeology, Norwegian Archaeological Review* og héraðsritinu *Glettingi*. Steinunn birti einnig greinar um rannsóknina ásamt doktorsnema sínum, Cecilíu Collins í *International Journal of Osteoarchaeology*, Margréti Valmundsdóttur í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 2010 og Gísla Kristjánssyni í *Sögu* XLIX:2. Hún stóð jafnframt fyrir gerð veggspjalds ásamt Margréti Valmundsdóttur og Sheila Hamilton-Dyer um dýrabein frá Skriðuklaustri. Var það sýnt á Hugvísindapingi. Eins var á árinu birt erindi sem hún flutti við veitingu heiðursdoktorsnafnbótar til Ólafíu Einarsdóttur í *Sögu* XLVIII:1. Loks kom út ein grein eftir Steinunni um kristnitökufærlid í *Goðasteini*. Steinunn ritstýrði skýrslu um

Bessastaðarannsóknina í ritröð Þjóðminjasafns Íslands og fjórum öðrum sem komu út í skýrsluröð Skriðuklaustursrannsókna. Hún flutti sex fyrirlestra um rannsóknirna á Skriðuklaustri. Steinunn er formaður fagráðs hug- og félagsvísinda hjá Rannís.

Sveinbjörn Rafnsson vann að rannsóknnum á fornri íslenski sagnaritun og lögum, en áætlað er að gefa þær út á bók á árinu 2011. Þá birti hann einnig fræðilega grein um störf hinnar konunglegu nefndar til varðveislu fornminja á Íslandi á 19. öld á dönsku í ársritinu *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*.

Sverrir Jakobsson birti tvær greinar í erlendum tímaritum sem tengjast rannsóknnum hans á rými, valdi og orðræðu í íslensku miðaldasamfélagi, um sjálfsmyndir og ríkisvald í *Arkiv för nordisk filologi* og um heilagt rými í *Scandinavian Studies*. Þá birtust eftir hann tveir bókarkafar í safnritum, annar á rússnesku um viðhorf Íslendinga til þjóða í Austurvegi á miðöldum en hinn um Vínlandsferðir og heimsmynd norrænna manna. Þá birtust eftir hann einn ritdómur og ein grein í alfræðiritið *The Oxford Dictionary of the Middle Ages*. Þá flutti hann inngangsfyrirlestur (key-note lecture) á miðaldadegi í Mikkelí í Finnlandi og tvo fyrirlestra á Íslandi. Meðal rannsóknaverkefna sem Sverrir vinnur að er þverfagleg rannsókn á sögu Breiðafjarðar þar sem hann er verkefnisstjóri, en einnig á hann aðild að rannsóknarverkefni um Reykholt og rannsóknarverkefni um ímyndir Norðursins. Þá vinnur hann að útgáfu á íslenskri gerð Hamborgarbiskupasögu eftir Adam frá Brimum. Sverrir er einn höfundar miðaldakafans í yfirlitsritinu *Vestnordens historie* sem er afurð samnorræns rannsóknarverkefnis.

Valur Ingimundarson stundaði rannsóknir á íslenskum utanríkismálum, samtímastjórnámálum og landfræði-stjórnámála norðurslóða. Hann hélt fyrirlestra um þessi efni á ráðstefnum í London, Newport, Evrópuþinginu, Reykjavík og Akureyri. Hann birti birti m.a. greinar í *Skírni* um norðurslóðir og *Irish Studies in International Affairs* um alþjóðamál um stjórnámál, minningar og efnahagskreppuna á Íslandi. Hann tekur m.a. þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum m.a. á sviði stjórnámála og öryggismála á norðurslóðum og kalda stríðinu.

Þór Whitehead lauk við bók sína um öryggismál íslenska ríkisins einkum með tilliti til starfsemi kommúnistahreyfingar í landinu 1921-1946. Bókin kom út í desember undir heitinu *Sovét Ísland óskalandið. Aðdragandi byltingar sem aldrei varð 1921-1946* (Reykjavík: Bókafélagið Ugly).

